




HLAUPALEIÐIRNAR

Boðið er upp á þrjár vegalengdir 5 km, 10 km og 2 km skemmtiskokk. Hlaupaleiðirnar eru löglega mældar og viðurkenndar af Frjálsíþróttasambandi Íslands. Hlaupið verður um götur Garðabæjar. Niður Bæjarbrautina, framhjá Fjölbraut í Garðabæ, göngustígurinn meðfram Reykjanesbrautinni, meðfram golfvöllum, framhjá Vífilsstöðum og hratt niður Vífilsstaðavegin í átt að markinu við Garðatorg.

Skemmtiskokkið hefst á Vífilsstaðavegi við Garðatorg. Hlaupið er vestur niður Vífilsstaðaveg og beygt til vinstri inn á Stekkjarflöt og þaðan til vinstri inn á Mó aflöt. Farið er Garð aflötina alla í austur að Hag aflöt, niður Hag aflöt og til vinstri inn á Mó aflöt og þaðan að Brúarflöt. Farið til vinstri inná Brúarflöt upp á Vífilsstaðaveg til vinstri í átt að markinu við Garðatorg.



GARÐABÆR
www.gardabaer.is